

Sp.

549. Fyrirspurn

[312. mál]

til utanríkisráðherra um verktakastarfsemi á Keflavíkurflugvelli.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

1. Er ráðherra að beita sér fyrir verulegum breytingum á starfsháttum Íslenskra aðalverktaka á Keflavíkurflugvelli?
2. Ef svo er, hvaða breytingar eru fyrirhugaðar?
3. Mun ráðherra tryggja starfsöryggi verkafólks sem starfað hefur hjá Íslenskum aðalverktökum eða má það búast við uppsögnum og atvinnuleysi í framhaldi af hugsanlegum breytingum?
4. Mun ráðherra tryggja forgang Suðurnesjamanna til verktöku á heimaslóð eða verður stórfyrirtækjum í Reykjavík falið að annast þau mál?
5. Er það Verktakasamband Íslands sem er að undirbúa hugsanlegar breytingar í samráði við utanríkisráðherra?